

Siglingastofnun  
Sigurður Sigurðarson  
Vesturvör 2  
200 Kópavogur

2002030046  
4803; 9310

Reykjavík, 2. maí 2002  
/ÞFP

### **Efni: Sjóvörn norðan Súðavíkurhafnar við Nesveg, Súðavíkurhreppi. Ákvörðun um matsskyldu**

Vísað er til erindis Siglingastofnunar dags. 21. apríl 2002 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt fyrirhuguð sjóvörn norðan Súðavíkurhafnar við Nesveg, Súðavíkurhreppi, samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10h í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Súðavíkurhrepps og Náttúruverndar ríkisins. Umsagnir bárust frá Súðavíkurhreppi með bréfi dags. 26. apríl 2002 og Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 5. apríl 2002. Svör bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 30. apríl 2002.

### **FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA**

#### **Fyrirhuguð framkvæmd**

Samkvæmt fram lögðum gögnum Siglingastofnunar er um að ræða sjóvörn norðan Súðavíkurhafnar við Nesveg, Súðavíkurhreppi. Fram kemur að þar sé illa farin gömul sjóvörn sem þurfi að endurbyggja á um 90 m löngum kafla. Áætluð efnisþörf sé um 1.600 m<sup>3</sup> og að í Súðavík sé opin grjótnáma.

### **ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA**

Í umsögn Súðavíkurhrepps kemur fram að hreppsnefndin telur ekki þörf á að fram fari mat á umhverfisáhrifum vegna framkvæmdarinnar.

Í umsögn Náttúruverndar ríkisins kemur fram að um sé að ræða styrkingu á gamalli sjóvörn og að framkvæmdin sé ekki þess eðlis að hún hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða 90 m langa sjóvörn norðan Súðavíkurhafnar við Nesveg, Súðavíkurhreppi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10h í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin er endurbygging gamallar sjóvarnar og mun ekki hafa verulegt rask í för með sér.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að sjóvörn norðan Súðavíkurhafnar við Nesveg, Súðavíkurhreppi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í gildi er Aðalskipulag Súðavíkur 1992-2012 m.s.br. og er þar gert ráð fyrir sjóvörn á þessum stað. Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdarleyfi Súðavíkurhrepps skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 3. júní 2002.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Þóroddur F Þóroddsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Súðavíkurhreppur og Náttúruvernd ríkisins